

Garðabær
og
Fasteignafélagið Langalína ehf.
Samrunaáætlun

Gögn vegna samruna félaganna
1. janúar 2017

Efnisyfirlit

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Samrunaáætlun	3
Greinargerð bæjarráðs.....	4
Greinargerð stjórnar Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. .	5
Yfirlýsing endurskoðanda.....	6

SAMRUNAÁÆTLUN
Fasteignafélagið Langalína ehf. og Garðabær

Í tilefni af fyrirhuguðum samruna Fasteignafélagsins Löngulínu ehf., kt. 610508-2270, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, og Garðabæjar, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, hafa stjórn Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. og bæjarráð Garðabæjar ákveðið að gera með sér svohljóðandi áætlun um samruna:

1. gr.

Fasteignafélaginu Löngulínu ehf. skal slitið án skuldaskila og skal Garðabær yfirtaka eignir og skuldir Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. á grundvelli 105. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Sameiningin skal miðast við 1. janúar 2017.

2. gr.

Við samrunann verða engar breytingar á formi, heiti eða heimilisfangi Garðabæjar.

3. gr.

Allt hlutafé í Fasteignafélaginu Löngulína ehf. er í eigu Garðabæjar. Þar sem verið er að sameina dótturfélag eiganda sínum, þá fellur hlutafé niður og verður því ekki um neitt endurgjald fyrir hluti í hinu yfirtekna félagi.

4. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, matsmenn og eftirlitsaðilar Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. skulu ekki njóta sérstakra réttinda við samrunann.

5. gr.

Samrunaáætlun þessi er bundin þeim skilyrðum að ákvörðun um samruna hljóti samþykki hluthafafundar Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. og bæjarráðs Garðabæjar.

Í samræmi við 1. mgr. 95. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög ritar stjórn Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. og bæjarstjóri í umboði bæjarráðs Garðabæjar undir samrunaáætlun þessa.

Garðabæ, 27. júní 2017

***Þannig samþykkt af bæjarstjóra,
í umboði bæjarráðs:***

Gunnar Einarsson

***Þannig samþykkt af stjórn
Fasteignafélagsins Löngulínu ehf.***

Gunnar Einarsson
Stjórnarmaður

Greinargerð bæjarráðs Garðabæjar, vegna yfirtöku á Fasteignafélaginu Löngulínu ehf.

Greinargerð þessi er útbúin með vísan til 1. mgr. 96. gr., sbr. 105. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Gerð hefur verið sameiginleg áætlun bæjarráðs Garðabæjar, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ og Fasteignafélagsins Löngulínu ehf., kt. 610508-2270, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, um samruna þeirra á grundvelli XIV. kafla laga nr. 138/1994. Samruninn miðast við 31. desember 2016 og telst Garðabær vera yfirtökuaðili. Fasteignafélagið Langalína ehf. er að fullu í eigu Garðabæjar. Tilgangur samrunans er einföldun á eignarhaldi Garðabæjar á eigin félögum.

Í samræmi við 105. gr., 2. mgr. 104. gr. laga nr. 138/1994, er fyrirbyggjandi sameiginlegur efnahagsreikningur sem sýnir allar eignir og skuldir beggja aðila, ásamt þeim breytingum sem álitíð er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi sameinaðs aðila.

Þar sem Garðabær er eigandi að öllum hlutum í Fasteignafélaginu Löngulínu ehf. verða engir hlutir gefnir út í tengslum við sameininguna og hlutafé Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. fellur niður, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 138/1994. Fasteignafélagið Langalína ehf. verður afskráð.

Garðabæ, 27. júní 2017

***Þannig staðfest af bæjarstjóra
í umboði bæjarráðs***

Greinargerð stjórnar Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. vegna yfirtöku Garðabæjar á félaginu.

Greinargerð þessi er útbúin með vísan til 1. mgr. 96. gr., sbr. 105. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Gerð hefur verið sameiginleg áætlun bæjarráðs Garðabæjar, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ og stjórnar Fasteignafélagsins Löngulínu ehf., kt. 610508-2270, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, um samruna þeirra á grundvelli XIV. kafla laga nr. 138/1994. Samruni félaganna miðast við 31. desember 2016 og telst Garðabær vera yfirtökuaðili. Fasteignafélagið Langalína ehf. er að fullu í eigu Garðabæjar. Tilgangur samrunans er einföldun á eignarhaldi Garðabæjar á eigin félögum.

Í samræmi við 2. mgr. 104. gr. laga nr. 138/1994, er fyrirbyggjandi sameiginlegur efnahagsreikningur sem sýnir allar eignir og skuldir beggja aðila, ásamt þeim breytingum sem álitíð er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi sameinaðs aðila.

Þar sem Garðabær er eigandi að öllum hlutum í Fasteignafélaginu Löngulínu ehf. verða engir hlutir gefnir út í tengslum við sameininguna og hlutafé Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. fellur niður, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 138/1994. Fasteignafélagið Langalína ehf. verður afskráð.

Garðabæ, 27. júní 2017

Þannig staðfest af stjórn Fasteignafélagsins Löngulínu ehf.

Gunnar Einarsson
Stjórnarmaður

Til:

Bæjarráðs
Garðabæjar
kt. 570169-6109
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Stjórnar
Fasteignafélagsins Löngulínu ehf.
kt. 610508-2270
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 27. júní 2017

Efni: Yfirlýsing endurskoðanda vegna samruna Garðabæjar og Fasteignafélagsins Löngulínu ehf.

Yfirlýsing þessi er útbúin með vísan til 4. mgr. 97. gr. og 105. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Við höfum kannað samrunaáætlun ofangreindra félaga dags. 27. júní 2017, sbr. 95. gr. og 105. gr. laga nr. 138/1994, og setjum í því sambandi eftirfarandi fram:

Garðabær er eigandi alls hlutfjár í Fasteignafélaginu Löngulínu ehf. Er því verið að sameina dótturfélag við eiganda sinn og af þeim sökum fellur hlutfé dótturfélagsins niður við samrunann og verður ekki um neitt endurgjald að ræða, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 138/1994. Ekki kemur því til yfirlýsingar um það að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt.

Með tilvísun til 4. mgr. 97. gr. og 105. gr. laga nr. 138/1994, er það mat okkar að sameiningin komi ekki til með að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu krafna, er þeir eiga á hendur Fasteignafélaginu Löngulínu ehf. eða Garðabæ.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

Magnús Jónsson, endurskoðandi

Áritun stjórna

Bæjarstjóri, í umboði bæjarráðs Garðabæjar, kt. 570169-6109, og stjórn Fasteignafélagsins Löngulínu ehf., kt. 610508-2270, staðfesta með undirritun sinni meðfylgjandi sameiginlegan efnahagsreikning aðilanna, dags. 1. janúar 2017, sem sýnir þær breytingar sem samruninn mun hafa í för með sér, sbr. 2. mgr. 96. gr. og 2. mgr. 104. gr., sbr. 105. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Sami efnahagsreikningur gegnir hlutverki upphafsefnahagsreiknings sameinaðs aðila, frá og með samrunadegi þeirra þann 31. desember 2016.

Garðabæ, 27. júní 2017

***Þannig staðfest af bæjarstjóra,
í umboði bæjarráðs:***

Gunnar Einarsson

***Þannig staðfest af stjórn
Fasteignafélagsins Löngulínu ehf.***

Gunnar Einarsson
Stjórnarmaður

Til:

Bæjarráðs
Garðabæjar
kt. 570169-6109
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Stjórnar
Fasteignafélagsins Löngulínu ehf.
kt. 610508-2270
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 27. júní 2017

Áritun endurskoðanda

Við höfum kannað meðfylgjandi samrunaefnahagsreikning Garðabæjar og Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. en hann er byggður á ársreikningum aðila fyrir árið 2016. Í honum er gerð grein fyrir þeim breytingum á eiginfjárreikningum og öðrum efnahagsliðum sem samruninn er talinn hafa í för með sér.

Það er álit okkar með vísan til 2. mgr. 96. gr., og 105. gr., sbr. 2. mgr. 104. gr., laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög að samrunaefnahagsreikningurinn gefi glögga mynd af eignum og skuldum aðilanna, þeim breytingum sem samruninn er talinn hafa í för með sér og eignum og skuldum sameinaðs aðila.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

Magnús Jónsson, endurskoðandi

Bókun bæjarráðs Garðabæjar.

Hinn 27. júní 2017 er haldinn fundur bæjarráðs Garðabæjar, kt. 570169-6109.

Á fundinum er rætt um samruna Garðabæjar og Fasteignafélagsins Löngulínu ehf., kt. 610508-2270, á grundvelli XIV. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Samruninn mun miðast við 1. janúar 2017, og mun Garðabær taka við öllum eignum, skuldum, réttindum og skyldum Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. frá þeim degi. Bæjarráð og stjórn Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. eru sammála um að sameina félagið Garðabæ. Af því tilefni hafa aðilar hlutast til að útbúið sé samrunaáætlun, sbr. 95. gr. laga nr. 138/1994, greinargerð skv. 1. mgr. 96. gr. sömu laga og annast um að saminn sé sameiginlegur efnahagsreikningur, sbr. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 138/1994. Samrunaáætlun, greinargerð stjórnar, sameiginlegur efnahagsreikningur og yfirlýsing um staðfestingu stjórnar á sameiginlegum efnahagsreikningi liggja frammi á fundinum og voru skjölin undirrituð.

Bæjarráð hefur óskað eftir því við KPMG ehf. að félagið útbúi yfirlýsingu skv. 3. mgr. 104. gr. laga nr. 138/1994. Yfirlýsingin liggur frammi á fundinum, undirrituð af hálfu Magnúsar Jónssonar, endurskoðanda. Í ljósi þess að Garðabær er yfirtökuaðili í umræddum samruna er það í valdi bæjarráðs að taka ákvörðun um það hvort að samruninn verði að veruleika. Af þeim sökum er stefnt að því að halda annan fund bæjarráðs að liðnum þeim mánaðarfresti sem tilgreindur er í 1. málsl. 4. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994. Bæjarráð mun því funda aftur við fyrsta tækifæri eftir birtingu auglýsingar í Lögbirtingarblaði sbr. 2. mgr. 98. gr. laga nr. 138/1994, þar sem fyrirhugaður samruni verður tekinn fyrir á ný.

KPMG ehf. var falið að annast tilkynningar til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr. 98. gr. laga nr. 138/1994.

Garðabæ, 27. júní 2017

***Þannig staðfest af bæjarstjóra
í umboði bæjarráðs***

Gunnar Einarsson

Bókun stjórnar Fasteignafélagsins Löngulínu ehf.

Hinn 27. júní 2017 er haldinn stjórnarfundur í Fasteignafélaginu Löngulínu ehf., kt. 610508-2270.

Á fundinum er rætt um samruna Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. og Garðabæjar, kt. 570169-6109 á grundvelli XIV. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Samruninn mun miðast við 1. janúar 2017, og mun Garðabær taka við öllum eignum, skuldum, réttindum og skyldum Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. frá þeim degi. Bæjarráð og stjórn Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. eru sammála um að sameina félögin. Af því tilefni hafa aðilar hlutast til að útbúið sé samrunaáætlun, sbr. 95. gr. laga nr. 138/1994, greinargerð skv. 1. mgr. 96. gr., sömu laga og annast um að saminn sé sameiginlegur efnahagsreikningur, sbr. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 138/1994. Samrunaáætlun, greinargerð stjórnar, sameiginlegur efnahagsreikningur og yfirlýsing um staðfestingu stjórnar á sameiginlegum efnahagsreikningi liggja frammi á fundinum og voru skjölin undirrituð.

Stjórn félagsins hefur óskað eftir því við KPMG ehf. að félagið útbúi yfirlýsingu skv. 3. mgr. 104. gr. laga nr. 138/1994. Yfirlýsingin liggur frammi á fundinum, undirrituð af hálfu Magnúsar Jónssonar, endurskoðanda.

Á grundvelli 105. gr. sbr. 104. gr. lagan nr. 138/1994, er það í valdi hluthafafundar Fasteignafélagsins Löngulínu ehf. að taka ákvörðun um það hvort að samruninn verði að veruleika. Af þeim sökum er stefnt að því að halda annan hluthafafund að liðnum þeim mánaðarfresti sem tilgreindur er í 1. málsl. 4. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994, að lokinni birtingu auglýsingar í Lögbirtingarblaði sbr. 2. mgr. 98. gr. laga nr. 138/1994 og taki ákvörðun um samrunann.

KPMG ehf. var falið að annast tilkynningar til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr. 98. gr. laga nr. 138/1994.

Garðabær, 27. júní 2017

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Fasteignafélagsins Löngulínu ehf.

Gunnar Einarsson
Stjórnarmaður